

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 60 000.—. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 30 000.—.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 15 000.—, er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Janframt eru felldar úr gildi 1. gr. og 12. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 451/1976 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. nóvember 1980.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 31, 4. apríl 1962, fyrir Útvegsbanka Íslands.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Vextir skulu leggjast við höfuðstól minnst einu sinni á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 12, 29. mars 1961, um Útvegsbanka Íslands, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 27. nóvember 1980.

Tómas Árnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um lágmarksafkastagetu flugvéla.

1. gr.

Flugvélar sem notaðar eru til farþegaflugs í atvinnuskyni við blindflugsskilyrði eða í næturflugi skulu hafa þá lágmarks afkastagetu, að þær með einn hreyfil óvirkan og á flugþyngd eins og hún er á hverjum tíma, geti haldið þeirri lágmarksflughæð eða lágmarksflughæðum, sem birtar eru í Flugmálahandbók — AIP Iceland — á allri fyrirhugaðri flugleið. Ef flogið er eftir flugleið, sem ekki er birt í Flugmálahandbók — AIP Iceland — skal miða við 1500 feta hæð yfir hæstu hindrun innan 10 sjómílna beggja vegna flugleiðarinnar.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum enda taki eigi önnur refsíákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89., 163. og 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir í atvinnuskyni, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 24. nóvember 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

1. desember 1980.

Nr. 609.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1980.

Þorskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Saga IG	7 803
Saga IM	7 441
Saga IP	7 019
Edda og Luna 30/50	5 873
Edda og Luna 50/60	6 789
Edda og Luna 60/up	6 973
Astra (Ítalía)	5 763
Astra og Polar	5 200
Ufsi:	
Astra og Polar	4 300
Keila:	
Astra og Polar	5 200
Ýsa:	
Astra og Polar	4 300
Langa:	
Astra og Polar	5 200

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun. Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnu verðbili.

Verðið gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.